182 3. Hér með tilkynnist, að ég undirrituð rek útgerð og verzlun með sjávarafurðir undir firmanafninu Guðmundur Þórðarson. Heimili og varnarþing er Gerðar í Gullbringusýslu. Ég ein ber ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Ég rita firmað þannig:

Guðmundur Þórðarson.
Ingibjörg Jónsdóttir.

Prókúru hefir Þórður Guðmundsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Guðmundur Þórðarson.
Þórður Guðmundsson.

Gerðum, 15. sept. 1938.
Ingibjörg Jónsdóttir.

183

## AUGLÝSING

**frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1938.**

**Skrás. 1938, nr. 1.**

Tilkynnt 8. janúar **1938, kl. 12 á h.**, af Rafbylgjuofninum, iðnrekstur, Reykjavík, og skrásett 29. s. m.




Milli tveggja brotinna lína stendur orðið: RAF-BYLGJU-OFNINN og út frá orðinu á alla vegu eru átta brotnar örvar.

Merkið er skrásett fyrir rafmagnsofna og önnur raftæki.

**Skrás. 1938, nr. 2.**

Tilkynnt 21. janúar 1938, kl. 3 e. h., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

Orðið:

**ATO**

Merkið er skrásett fyrir tilbúin blóm, prjónavörur allskonar, bursta, burstavörur, pensla, kamba, svampa, snyrtiáhöld, andlitsduft, andlitskrem, naglalakk, andlitsvötn og allskonar aðrar snyrtivörur, sápur allskonar, sápulög, lyf og allskonar lyfjavörur, kemiskar vörur og allskonar kemiskar samsetningar, hjúkrunargögn, sáraumbúðir, plástra, sótthreinsandi efni, málma, kítti, brons, garn allskonar, súkkulaði allskonar, konfekt, brjóstsykur, lakkrís, tóbaksvörur allskonar, lyftiduft, bökunardropa, eggjaduft og allskonar önnur bökunarefni, mjöltegundir allskonar, sykur, hunang, syrup, ávaxtamauk allskonar, gosdrykki, öl og aðrar drykkjarvörur, hármeðul, ilmvötn, og allskonar ilmefni, gúmmí og allskonar lím, málningu, fernis, umbúðir úr pappa, saum, gleraugu allar tegundir og gerðir, olíur, benzín, kerti, parafín, reiðhjól, blek, kornvörur allskonar, garn, tvinna, kaðal, smjörlíki, tólg, þurmjólk, sterkju, barnamjöl, kex, kökur, kaffibæti, te, marsipan, kryddvörur allskonar, edik, lýsi, skó-

svertu, gljávax, fægismyrsl, fægiduft, fægilög, baðlyf, serum, bréfspjöld, myndir, pappír. 183

Ber að skoða orðið Ato sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

**Skrás. 1938, nr. 3.**

Tilkynnt 5. febrúar 1938, kl. 10 f. h., af D. Ballantyne Brothers & Company, Limited, verksmiðjurekstur, Peebles, Skotlandi, og skrásett 23. s. m.

Orðið:

**VIVASPORT**

Merkið er skrásett í London 28. júlí 1937, 34. flokki, fyrir dúka og efni úr ull, kamgarnsspunninni, eða úr hári.

**Skrás. 1938, nr. 4.**

Tilkynnt 22. febrúar 1938, kl. 11 f. h., af Caterpillar Tractor Co., verksmiðjurekstur, San Leandre, Californíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. marz s. á.

Orðið:

**CATERPILLAR**

Samkvæmt tilkynningu 12. desember 1936, er merkið skrásett í Washington 27. apríl 1937 fyrir: Dráttarvélar gerðar til notkunar við landbúnað, vegagerð, námurekstur, skógarvinnu, moldarflutning, við drátt og annað er lýtur að iðnaði og landbúnaði; brennslumótora, byggða til að notast sem aflgjafar fyrir sjálfknúin ökutæki, og sem staðbundnar eða flytjanlegar aflvélar í þarfir iðnaðar og landbúnaðar; afl- og handstýrðar sköfur, stéttagerðarvélar, sléttivélar, upprótunarvélar, skáhjólssköfur, lyftivindusköfur, sköfur, Bulldozers vegskera, veghefla, plóga, skurðgröfur, brúnaskera og skáskera, gerða til notkunar við vegagerð og viðhald vega, til færingar og flutnings á mold, snjó og svipuðum efnum, til varnar veghruni og til annars, er lýtur að iðnaði og landbúnaði; uppskeruvélar, sambyggðar uppskeruvélar, kornsláttuvélar, ýtuhrífur, raðaleggjara og raðaupptökuvélar; þjappvélar, hluta og verkfæri til allrar hinnar fyrgreindu iðnaðarframleiðslu og fylgihluti hennar, varahluti og útbúnað til allra fyrgreindra vörutegunda.

**Skrás. 1938, nr. 5.**

Tilkynnt 22. febrúar 1938, kl. 11 f. h., af Aktieselskabet OTA, De forenede Havre- og Rismöller, hafra- og hrísgrjónamyllur, Kaupmannahöfn, og skrásett 19. marz s. á.

Orðið:

**Pama**

Samkvæmt tilkynningu 17. marz 1923, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 2. júní s. á. fyrir: Korn, grjón, mjöl og klíði allra korntegunda, einkum úr höfrum og hrísgrjónum, auk þess efnablöndur, drykkjarvörur og matvörur, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti úr þessu, niðursoðna ávexti, saftir og grænmeti, sósur og kryddefni, niðursuðuefni, sótthreinsunarmeðul og snyrtimeðul, ilmvötn, áburðarefni, fernis, lakk, lím, trjákvoðu, kítti, kerti, auglýsingavörur, fylgitæki grammófóna, tóbak og munntóbak.

Skrásetningin er síðast endurnýjuð 2. júní 1933.

183 **Skrás. 1938, nr. 6.**

Tilkynnt 22. febrúar 1938, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 19. marz s. á.
Orðið:

**GYLDENSOL**

Samkvæmt tilkynningu 25. maí 1934, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 20. október s. á. fyrir: Afurðir skógræktar og garðyrkju, mölunarafurðir, afrakstur af veiðum og fiskveiðum, læknislyf, efnafræðilegar afurðir í þarfir læknavísinda og heilsufræði, lyffræðileg lyfjaefni og efnablöndur, plástra, sjúkraumbúðir, meðul til útrýmingar dýra og jurta, sótthreinsunarmeðul, rakaravörur, tilbúin blóm, fatnað, tæki og efni til lýsingar, hitunar, suðu, kælingar, þurkunar og loftræstingar, vatnsleiðslutæki, bað- og salernaáhöld, burstavörur, snyrtivörur, slökkviefni, efni til logsuðu, lóðningar og tannfyllingar, þéttiefni og lokaefni, einangrunarefni, áburðarefni, óeðla málma, óunna eða unna að nokkru leyti, hnífasmíðavörur, verkfæri, glerhúðaðar og tinhúðaðar vörur, byggingarefni til járnbrauta og vega, járnvörur, stálvír, járningarvörur, blikkvörur, akkeri, festar, hertýgi, klukkur, skauta, krókapör, peningaskápa, vélgerða tilsniðna málmhluti, pressað og steypt byggingarefni, vélasteypuvörur, samgöngutæki til notkunar á landi, í lofti og á legi, ásamt fylgihlutum þeirra og hluta úr þeim, litarefni, blaðmálma, loðskinnavörur, húðir, fernis, lakk, trélit, límefni, efni til varðveizlu leðurs, steiningarefni og sútunarefni, bón, garn og þráðarvörur, bólstrunarefni, öl, vín og vínanda, óáfenga drykki, góðmálma og málmblendinga, ekta og óekta skartgripi, leonskar vörur, jólatrésskraut, gúmmí og vörur gerðar úr því, regnhlífar, stafi, eldsneyti, vax, tekniskar olíur og feiti, smurningsefni, kerti, vörur úr beini, korki, horni, skjaldböku, skelplötu, raf, merskúm, harðgúm og svipuðum efnum, útskorna og riðna muni, myndaramma, myndir gerðar til notkunar fyrir rakara og fatasala, áhöld, tæki og verkfæri gerð til notkunar fyrir lækna, umbúðir, gervilimi, augu og tennur, tæki til mælinga og athugana, vélahluti, vélareimar, sjálfsala, búsáhöld og eldhúsáhöld, áhöld til notkunar í fjósum og peningshúsum, í görðum og við landbúnað, húsgögn, spegla, veggfóðrunarvörur, hljóðfæri, næringarefni og nýlenduvörur (að undanskildu salti, súkkulaði, kakaó og osti), fóðurvörur, ís, pappavörur, hráefni til pappírsgerðar, spil, skilti, bókstafi, prentmyndamót, listaverk, postulín, gler, kögurvefnað, bönd, hnappa, handavinnu, söðlasmíðavörur, ritföng, skotvopn, ilmvatnavörur, andlitsfegrunarvörur, ilmolíur, sápur, þvottaefni og bleikiefni, sterkju og sterkjuefnasambönd, litarefni í þvotta, efni til að afmá bletti, fægiefni og gljáunarefni, brýnsluefni, leikföng, leikfimisáhöld og íþróttaáhöld, sprengiefni, flugeldavörur, steinvörur, liststeina, sement, kalk, jarðbik, tjöru, byggingarefni, teppi, línóleum, prjónavörur, úr og úrhluti.

**Skrás. 1938, nr. 7.**

Tilkynnt 22. febrúar 1938, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 19. marz s. á.
Orðið:

**SOL**

Samkvæmt tilkynningum 30. nóvember 1932 og 16. nóvember 1935, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1933 og 3. október 1936 fyrir: Efnafræðilegar afurðir til notkunar við ljósmyndagerð, landbúnað, garðrækt og skógrækt, áburðarefni, herðingarefni og efnafræðileg efnasambönd til lóðningar, salicylsýru, salicylvínanda, bórsýru, natron, sútunarefni, límefni til notkunar við iðnað, trélit, trjákvoðu, blaðmálma, bleikjuefni, sóda, sápulút, gólfþvottaduft, efni til gljáunar og fágunar málma, gólfa, húsgagna og glers, ilmvötn, andlitsfegrunarefni (að smyrsl-

um undanskildum), efni til hirðingar hárs og tanna, efni sem bindur og dregur til sín ryk, lyffræðileg, dýralæknisfræðileg og heilsufræðileg efnasambönd, sjúkrakosts næringarefni, plástra, sjúkraumbúðaefni, tannfyllingarefni, mótaefni til tannlæknanotkunar, sótthreinsunarefni, skurðartæki, högg- og lagvopn, vísindaleg-, sjómannafræðileg- landmælinga-tæki og verkfæri, áhöld og verkfæri til ljósmyndagerðar, lifandi myndagerðar, sjónfræðileg vogar, mæli, merkja, eftirlits, björgunar og kennslutæki og áhöld (að undanskildum gleraugum og sjónaukum), sjálfsala og teljara, grammófóna, kassavélar, reikningsvélar, vélræn tæki og áhöld til notkunar fyrir tannlækna og dýralækna, gervilimi, augu og tennur, vélrænar innlagningar til gufuframleiðslu, suðu, frystingar, loftræstingar, þurrkunar, vatnsleiðslu og til notkunar í þarfir hreinlætis, innlagningar til lýsingar með gasi, olíu, steinolíu og karbid, góðmálma og blendingsmálma þeirra, pappír og pappírsvörur til umbúða (að undanskildum eldspýtnaumbúðum), pappa og pappavörur, prentað mál, blöð og tímarit, bækur, bókbandsvörur, ljósmyndaefni og ritföng, vörur til notkunar fyrir listamenn, ritvélar og skrifstofuvörur, kennsluvörur, spil, letur og prentmyndamót, balata og efni, sem komið geta í þess stað, þétti og lokaefni, asbest, maríugler, leður, stafi ásamt hluta af þeim og fylgihluti þeirra, svipur, aktygi á hesta, náttúrusteina og tilbúna steina, sement, kalk, múrsteypuefni, gips og möl, rör úr leir eða sementi, vegagerðarefni, jarðbik, tjöru og bitumen, flytjanlegar byggingar, steinminnismerki, reykháfa, strá, reyr, víðitágar, horn, bein, fílabein, fiskbein, skjaldböku, raf, skelplötu, merskúm, harðgúm, og efni, sem komið geta í staðinn fyrir þessar vörur, smærri búsáhöld og eldhúsáhöld (að undanskildum mötunaráhöldum), svampa úr ríki náttúrunnar, greiður úr horni, beini og skjaldböku, bursta, vörur fyrir burstabindara, áhöld til kemiskrar hreinsunar, stálspæni, vörur úr gleri og postulíni, leirkeravörur, kaðla, snúrur, net, tjöld, poka, bólstrunarefni, svo sem hár, kapok, fiður, þang, kniplinga og útsaumsvörur, tilbúin blóm, linoleum og kork, spil og leikföng, leikfimis- og íþróttavörur, jólatrésskraut, hafragrjón og aðrar kornmylluafurðir (að mjölinu undanskildu), nýtt kjöt og nýjan fisk, alifugla og veiðidýr, mjólk og rjóma í unnu og nýju ástandi, sardínur, kaffi, hrísgrjón, tapioka, sagó, brauð, kex, kökur, síróp, ger, lyftiduft, sinnep, pipar, edik, krydd, lifandi dýr, nýja ávexti, grænmeti, fræ, lifandi plöntur og blóm, fóður handa dýrum, malt, öl, ale og porter, gosdrykki, kolsýruauðugt vatn og aðra óáfenga drykki, saft og önnur efnasambönd til drykkjargerðar, vín og líköra, vindlamunnstykki, og tóbakspunga, afurðir barrtrjáræktar og mölunarúrgangsafurðir, nýtt flesk, bakaravörur, eldslökkvimeðul, verkfæri, skemmtiseglbáta, undir seglum og árum, reiðhjól, hlaupahjól, bifreiðar, mótorbáta, flugvélar, mótorhjól, leikfimi- og veiðiútbúnað, fernis, terpentínu, lakk, vörur úr ebonit, kasein, bakelit, nokait og öðrum þéttiafurðum úr formaldehyd, ljósmyndavörur, eftirgerða muni, ofin og prjónuð efni, prjónavörur, flóka, leður, vaxdúka, skófatnað, teppi, lín, sængurklæði, gerviblóm.

**Skrás. 1938, nr. 8.**

Tilkynnt 1. marz 1938, kl. 3 e. h., af Veiðarfæragerð Íslands, veiðarfæraframleiðsla, Reykjavík, og skrásett 19. s. m.



**Vöru- merki.**

Grænn, ferhyrndur, ílangur flötur með svörtum gárum, sem tákna sjó. Upp úr sjónum koma tveir fiskar, sem bíta í sinn hvorn endann á kaðli, sem snúinn er saman að ofan og liggur í hring á miðjum fletinum. Til beggja hliða og undir merkinu,

183 fast upp við flötinn, er kaðall og liggja endar hans gegnum hringinn að neðan og hanga lítið eitt niður úr honum, en sitt hvoru megin við endana standa orðin: Vörumerki.

Skrás. 1938, nr. 9.

Tilkynnt 9. apríl 1938, kl. 12 á hád., af G. Helgason & Melsted, umboðs- og heildverzlun, Reykjavík, og skrásett 23. s. m.




**G.H.&M.**

Mynd innan í hringmyndaðri umgerð, sem í er áletrun. Umgerðinni er skipt í sundur á hliðunum með orðinu: TRADE MARK, þannig, að öðru megin kemur fyrri hluti orðsins TRADE-, en hinu megin MARK. Í efri hluta umgerðarinnar er áletrunin: ICELANDIC, en í neðri hluta: EIDERDOWN. Innan í hringnum er mynd af æðarkollu og blika. Eru þau á landi fremst á myndinni. Kollan liggur í hreiðri framarlega á myndinni, en blikinn stendur þar skammt frá nær sjónum. Í fjarsýn er hólmi og á honum fuglahræða. Í sundinu milli hólmans og lands syndir kolla með 5 unga í eftirdragi. Undir hringnum stendur G. H. & M.

Merkið er skrásett fyrir æðardún.

Skrás. 1938, nr. 10.

Tilkynnt 25. apríl 1938, kl. 2 e. h., af Titan Co. A/S, verksmiðjurekstur og verzlun, Fredrikstad, Noregi, og skrásett 5. maí s. á.

Orðið:

**KROTIOX**

Samkvæmt tilkynningu 11. nóvember 1937 er merkið skrásett í Oslo 3. febrúar 1938 fyrir: Kemisk efni til notkunar í iðnaði, ljósmyndagerð, við lækningar og lyfjagerð, titansambönd, jarðliti, teygju- og fylliefni, mál, deig úr litarefnum og efnum til litargerðar, lökk, fernis, ryðvarnarefni, mál til varðveizlu, olíu, þurkefni, efni til þynningar og önnur efni til blöndunar í liti og mál.

Skrás. 1938, nr. 11. 183

Tilkynnt 25. apríl 1938, kl. 2. e. h., af sama, og skrásett 5. maí s. á.
Orðið:

**RUTIOX**

Samkvæmt tilkynningu 11. nóvember 1937 er merkið skrásett í Oslo 15. marz 1938 fyrir: Kemisk efni til notkunar í iðnaði, ljósmyndagerð, við lækningar og lyfjagerð, titansambönd, jarðliti, teygju- og fylliefni, mál, deig úr litarefnum og efnum til litargerðar, lökk, fernis, mál til varðveizlu, olíu, þurkefni, efni til þynningar og önnur efni til blöndunar í liti og mál·(ryðvarnarefni eru undanskilin).

Skrás. 1938, nr. 12.

Tilkynnt 5. maí 1938,, kl. 1 e. h., af Standard Oil Company of California, iðnrekstur og verzlun, San Francisco, California, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. s. m.
Stafirnir:

**RPM**

Samkvæmt tilkynningu 16. marz 1936 er merkið skrásett í Washington 15. september 1936 fyrir: Smurningsolíur og feiti, smurningsolíur fyrir dieselmótora.

Skrás. 1938, nr. 13.

Tilkynnt 5. maí 1938, kl. 1 e. h., af Roth—Büchner G. m. b. H., iðnrekstur og verzlun, Berlin—Tempelhof, Þýzkalandi, og skrásett 14 s. m.



Skjöldur, sem skipt er í fjóra reiti, rauða og bláa. Bláir eru reitirnir hægra megin að ofan og vinstra megin að neðan, en hinir rauðir. Skjaldarbrúnin er grá. Mynd af rakvél er á skrá um rauðu reitina og snýr skaftið niður, en yfir rakvélinni liggur skáhalt út á bláu reitina rakvélarblað. Grátt band er ofan við skjöldinn og

183 lykkjast niður með báðu megin á bak við skjöldinn. Þar sem sést á ranghverfu bandsins, er hún blá vinstra megin, en rauð hægra megin.

Samkvæmt tilkynningu 16. september 1937, er merkið skrásett í Berlín 18. desember s. á. fyrir: Hnífavörur, rakhnífa, rakvélar, líkþornahefla, hnífablöð og skiptanleg blöð í rakvélar og líkþornahefla, brýnsluáhöld fyrir rakvélablöð, rakbursta, raksápu, rakkrem, rakvatn, rakduft og álúnsstein.

**Skrás. 1938, nr. 14.**

Tilkynnt 5. maí 1938, kl. 1 e. h., af sama og skrásett 14. s. m.



Svartur aflangur ferhyrningur. Grunnurinn er grár að öðru en því, að sneitt er af hornunum og þar ljósari. Á gráa grunninum er skjöldur, sem skipt er í fjóra fleti og eru fletirnir að ofan til hægri og neðan til vinstri svartir. Rakvél liggur skáhalt um ljósari fletina, en rakvélarblað yfir henni skáhalt yfir á dekkri fletina.

Samkvæmt tilkynningu 8. nóvember 1937 er merkið skrásett í Berlín 2. febrúar 1938 fyrir: Hnífavörur, rakhnífa, rakvélar, hnífablöð og skiptanleg blöð í rakvélar.

**Skrás. 1938, nr. 15.**

Tilkynnt 24. maí 1938, kl. 3 e. h., af Knoll A.-G. Chemische Fabriken, efnagerð, Ludwigshafen (Rhein), Þýzkalandi, og skrásett 24. júní s. á.

Orðið:

**Veriazol**

Samkvæmt tilkynningu 13. maí 1937 er merkið skrásett í Berlín 1. nóvember 1937 fyrir: Lyf, efnablöndur til lækninga og heilsuverndar, lyfjablöndur, plástra, efni til umbúða, efni til þess að eyða dýrum og jurtum, efni til þess að eyða sveppum og til að hindra rotnun (sótthreinsunarefni), efni til þess að halda matvælum óskemmdum og varanlegum.

**Skrás. 1938, nr. 16.**

Tilkynnt 1. júní 1938, kl. 11 f. h., af Aktiebolaget Astra, Apotekarnes kemiska fabriker, verksmiðjurekstur, Södertälje, Svíþjóð, og skrásett 7. júlí s. á.

Orðið:

**ASTRA.**

Samkvæmt tilkynningu 16. júní 1914 er merkið skrásett í Stokkhólmi 2. nóvember 1914 fyrir: Kemiskar afurðir til lækninga og lyfja og lyffræðilegar efnablöndur. Skrásetningin nær ekki til smyrsla. **183**

Skrásetning merkisins hefir verið endurnýjuð 20. ágúst 1934.

**Skrás. 1938, nr. 17.**

Tilkynnt 22. febr. 1938, kl. 11 f. h. af Aktieselskabet Ota, De forenede Havre- og Rismöller, hafra- og hrísgrjónamyllur, Kaupmannahöfn, og skrásett 15. júlí s. á.

Orðið:

# GYLDENAKS

Samkvæmt tilkynningu 1. júní 1932 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 2. júlí 1932 fyrir:

Efnafræðilegar afurðir í þágu iðnaðar, vísinda, landbúnaðar, garðræktar og skógræktar, áburðarefni, slökkviefni, herðingarefni, efnafræðileg niðursuðuefni, sútunarefni, lím, málningu, fernis, lakk, efni til varnar riði og til varðveizlu viðar, litarefni, bæs, trjákvoðu, blaðmálma og málmduft. Þvotta- og bleikjuefni, hreinsiefni, gljáunarefni, fægiefni og brýnsluefni. Sápur, ilmvötn, ilmolíur, fegrunar efnablöndur, efni til hirðingar húðarinnar, hársins og tannanna. Rakaravörur. Tekniskar olíur og fituefni, smurningsefni, rykvarnarefni og uppsuguefni, eldsneyti og lýsingarefni. Lyffræðilegar og dýralæknisfræðilegar efnablöndur, sjúkrakostsnæringarefni, plástra, umbúðaefni, tannfylliefni, mótunarefni fyrir tannlækna, sótthreinsunarefni, útrýmingarefni plantna og dýra. Ódýra málma óunna og unna að nokkru, málmblöndur úr þeim, akkeri, steðja, klukkur, valsaða og steypta muni til bygginga, járnbrautarteina og aðra muni úr málmi til járnbrautar, keðjur, einangraðar rafleiðslur og málmvír, járnsmíðamuni, málmpípur, peningaskápa og kassa, stálkúlur, skeifur, saum og skrúfur, vörur úr ódýrum málmum, málmgrýti. Vinnuvélar og vélaverkfæri, mótora, vélatengingar, beltidrifhjól, stór landbúnaðarverkfæri, útungunarvélar, ungamæður. Handverkfæri, eggverkfæri, gaffla, skeiðar, högg- og lagvopn. Rakvélar. Vísindaleg, sjófræðileg landmælinga- og rafteknisk áhöld og verkfæri, (þ. á. m. útvarpstæki), ljósmyndatæki, kvikmyndatæki, sjónfræðileg vogartæki, mælitæki, merkjatæki, prófunartæki, björgunartæki og kennslutæki og verkfæri, sjálfsala og grammófóna, kassavélar, reikningsvélar, slökkvitæki. Verkfæri og tæki til notkunar fyrir lækna, tannlækna og dýralækna. Innlagningar til ljósa, hitunar, gufuframleiðslu, suðu, frystingar, loftræstingar, þurrkunar og vatnsleiðslu og til notkunar í þágu heilnæmis. Ökutæki, samgöngutæki, hluta af þeim og fylgihluta þeirra. Skotvopn, skotfæri, sprengjuefni, flugeldamuni, góðmálma og málmblöndur úr þeim, ásamt vörum, gerðum úr þeim eða málhúðuðum með þeim, gimsteina, úr og önnur tímamælandi tæki, hljóðfæri. Pappír, pappírsvörur, pappa, pappavörur, prentað mál, bækur og annað prentað mál. Bókbindaravörur, ljósmyndavörur, ritföng og teiknivörur, límefni, litspjöld málarakústa, ritvélar, skrifstofuvörur, kennsluvörur, spil, prentletur, myndamót. Guttaperka, gúmmí, kautsjúk, balata og efni, sem komið geta í þess stað, þéttiefni, lokaefni og einangrunarefni, asbest, glimmer og vörur gerðar úr því, leður og leðurlíkingar og vörur úr því, skinn, húðir, ferðakoffort, töskur, regnhlífar, sólhlífar, göngustafi, svipur, aktýgi, söðlasmíðavörur. Byggingarefni, steina, náttúrlega og tilbúna, vegagerðarefni, gips, möl, rör úr leir eða sementi, bik, asfalt, flytjanlegar byggingar, reykháfa, húsgögn, spegla, myndaramma, vörur úr tré, korki, strái, reyr, víðitágum, horni, beini, fílabeini, fiskbeini, skjaldbökuskel, rafi, skelplötu, merskum, celluloid og efni, sem komið geta í stað þessara vara. Bús-

183 og eldhúsáhöld, flutningahylki, greiður, svampa, bursta, burstabindaramuni, áhöld, stálspæni, vörur úr gleri, postulín og leirsmíðavörur. Kaðla, snúrur, net, tjöld, sóltjöld, seglábreiður, segl, poka, bólstrunarefni, hráefni til vefjariðnaðar. Garn, þráð, ofin efni, lök, dúka, prjónavörur. Fatnað, kniplinga, ísaum, bönd, leggingabönd, hnappa, smellur, krókapör, nálar, teppi, mottur, linoleum og önnur efni til gólfklæðningar, veggfóðrunarefni. Leikfimi- og íþróttavörur, jólatrésskraut, kjöt, fisk, alifugla og veiðidýr, kjötkraft, niðursoðna, þurrkaða soðna ávexti og grænmeti, ávaxtahlaup, ávaxtamauk, egg, aðrar mjólkurbúsafurðir, smjörlíki, ætar olíur og fituefni, niðursuðuvörur, súrt grænmeti, kaffi, te, kakao, súkkulaði, sykur, hrísgrjón, tapioca, sago, kaffibæti, mjöl, grjón, kornafurðir, bakaravörur og kökubúðarvarning, ískrem, hunang, siróp, ger, bökunarduft, búðingsduft og kremduft, edik, sósur, krydd, ís. Afurðir landbúnaðar, garðræktar og skógræktar og sáðkorn, lifandi dýr, fræ, lifandi plöntur og blóm, fóðurefni, malt, drykkjarvörur, saftir og aðrar efnablöndur til drykkjagerðar, vín, vínanda og líköra. Óunnið og unnið tóbak. Vörur fyrir reykingamenn, eldspýtur.

Skrás. 1938, nr. 18.

Tilkynnt 22. febrúar 1938, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 15. júlí s. á. Orðið:

**SOLGRYN**

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1932 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 27. ágúst 1932 fyrir:

Efnafræðilegar afurðir í þágu iðnaðar, vísinda, landbúnaðar, garðræktar og skógræktar, áburðarefni, slökkviefni, herðingarefni, efnafræðileg niðursuðuefni, sútunarefni, lím, málningu, fernis, lakk, efni til varnar riði og til varðveizlu viðar, litarefni, bæs, trjákvoðu, blaðmálma og málmduft. Þvotta- og bleikjuefni, hreinsiefni, gljáunarefni, fægiefni og brýnsluefni. Sápur, ilmvötn, ilmolíur, fegrunar efnablöndur, efni til hirðingar húðarinnar, hársins og tannanna. Rakaravörur. Tekniskar olíur og fituefni, smurningsefni, rykvarnarefni og uppsuguefni, eldsneyti og lýsingarefni. Lyffræðilegar og dýralæknisfræðilegar efnablöndur, sjúkrakostsnæringarefni, plástra, umbúðaefni, tannfylliefni, mótunarefni fyrir tannlækna, sótthreinsunarefni, útrýmingarefni plantna og dýra. Ódýra málma óunna og unna að nokkru, málmblöndur úr þeim, akkeri, steðja, klukkur, valsaða og steypta muni til bygginga, járnbrautarteina og aðra muni úr málmi til járnbrautar, keðjur, einangraðar raf-leiðslur og málmvír, járnsmíðamuni, málmpípur, peningaskápa og kassa, stálkúlur, skeifur, saum og skrúfur, vörur úr ódýrum málmum, málmgrýti. Vinnuvélar og vélaverkfæri, mótora, vélatengingar, beltidrifhjól, stór landbúnaðarverkfæri, útungunarvélar, ungamæður. Handverkfæri, eggverkfæri, gaffla, skeiðar, högg- og lagvopn. Rakvélar. Vísindaleg, sjófræðileg landmælinga- og rafteknisk áhöld og verkfæri, (þ. á. m. útvarpstæki), ljósmyndatæki, kvikmyndatæki, sjónfræðileg vogartæki, mælitæki, merkjatæki, prófunartæki, björgunartæki og kennslutæki og verkfæri, sjálfsala og grammófóna, kassavélar, reikningsvélar, slökkvitæki. Verkfæri og tæki til notkunar fyrir lækna, tannlækna og dýralækna. Innlagningar til ljósa, hitunar, gufuframleiðslu, suðu, frystingar, loftræstingar, þurrkunar og vatnsleiðslu og til notkunar í þágu heilnæmis. Ökutæki, samgöngutæki, hluta af þeim og fylgihluta þeirra. Skotvopn, skotfæri, sprengjuefni, flugeldamuni, góðmálma og málmblöndur úr þeim, ásamt vörum, gerðum úr þeim eða málhúðuðum með þeim, gimsteina, úr og önnur tímamælandi tæki, hljóðfæri. Pappír, pappírsvörur, pappa, pappavörur, prentað mál, bækur og annað prentað mál. Bókbindaravörur, ljósmyndavörur, ritföng og

teiknivörur, límefni, litspjöld málarakústa, ritvélar, skrifstofuvörur, kennsluvörur, 183
spil, prentletur, myndamót. Guttaperka, gúmmí, kautsjúk, balata og efni, sem komið geta í þess stað, þéttiefni, lokaefni og einangrunarefni, asbest, glimmer og vörur gerðar úr því, leður og leðurlíkingar og vörur úr því, skinn, húðir, ferðakoffort, töskur, regnhlífar, sólhlífar, göngustafi, svipur, aktýgi, söðlasmíðavörur. Byggingarefni, steina, náttúrlega og tilbúna, vegagerðarefni, gips, möl, rör úr leir eða sementi, bik, asfalt, flytjanlegar byggingar, reykháfa, húsgögn, spegla, myndaramma, vörur úr tré, korki, strái, reyr, víðitágum, horni, beini, fílabeini, fiskbeini, skjaldbökuskel, rafi, skelplötu, merskum, celluloid og efni, sem komið geta í stað þessara vara. Bús- og eldhúsáhöld, flutningahylki, greiður, svampa, bursta, burstabindaramuni, áhöld, stálspæni, vörur úr gleri, postulín og leirsmíðavörur. Kaðla, snúrur, net, tjöld, sóltjöld, seglábreiður, segl, poka, bólstrunarefni, hráefni til vefjariðnaðar. Garn, þráð, ofin efni, lök, dúka, prjónavörur. Fatnað, kniplinga, ísaum, bönd, leggingabönd, hnappa, smellur, krókapör, nálar, teppi, mottur, linoleum og önnur efni til gólfklæðningar, veggfóðrunarefni. Leikfimi- og íþróttavörur, jólatrésskraut, kjöt, fisk, alifugla og veiðidýr, kjötkraft, niðursoðna, þurrkaða soðna ávexti og grænmeti, ávaxtahlaup, ávaxtamauk, egg, aðrar mjólkurbúsafurðir, smjörlíki, ætar olíur og fituefni, niðursuðuvörur, súrt grænmeti, kaffi, te, kakao, súkkulaði, sykur, hrísgrjón, tapioca, sago, kaffibæti, mjöl, grjón, kornafurðir, bakaravörur og kökubúðarvarning, ískrem, hunang, síróp, ger, bökunarduft, búðingsduft og kremduft, edik, sósur, krydd, ís. Afurðir landbúnaðar, garðræktar og skógræktar og sáðkorn, lifandi dýr, fræ, lifandi plöntur og blóm, fóðurefni, malt, drykkjarvörur, saftir og aðrar efnablöndur til drykkjagerðar, vín, vínanda og líköra. Óunnið og unnið tóbak. Vörur fyrir reykingamenn, eldspýtur.

**Skrás. 1938, nr. 19.**

Tilkynnt 22. nóvember 1937, kl. 10 f. h., af Vacuum Oil Company A/S, verksmiðjurekstur og verzlun, Kaupmannahöfn, og skrásett 2. ágúst 1938.

INTAVA

Innan umgerðar er mynd af flugvél í frumdráttum og stendur undir henni orðið: INTAVA.

Samkvæmt tilkynningu 13. oktbr. 1937 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 30. oktbr. 1937 fyrir: Smurningsolíu, smurningsfeiti og mótoreldsneyti.

**Skrás. 1938, nr. 20.**

Tilkynnt 17. júlí 1938, kl. 10 f. h., af John Haig & Co., Limited, vínframleiðsla, Markinch, Skotlandi, og skrásett 2. ágúst s. á.

183




Ferstrendur einkennismiði, sem skipt er í fimm reiti. Í fremsta reit til vinstri, sem skipt er með skástrikum í þrennt, er efst mynd af tveimur knattleiksmönnum, þá flöskumynd og neðst mynd af knattleiksmönnum á hestum. Í næsta reit standa orðin: HAIG'S DIMPLE. Í þriðja reit frá vinstri talið stendur orðið: Haig's en þar undir er mynd af manni með glas í hendi og undir myndinni orðið: Whisky. Hálf mannsmyndin og orðið Whisky eru innan umgerðar. Í fjórða reitnum standa orðin: HAIG'S DIMPLE. Í fimmta reitnum, sem skipt er með skástrikum í þrennt, er efst mynd af ríðandi mönnum, þá flöskumynd og neðst mynd af knattleiksmanni.

Merkið er skrásett í London 15. júní 1937, 43. flokki, fyrir skozkt whisky.

**Skrás. 1938, nr. 21.**

Tilkynnt 5. sept. 1938, kl. 3 e. h., af Lever Brothers, Port Sunlight, Limited, sápugerð, Port Sunlight, Englandi, og skrásett 28. s. m.



Einkennismiði, ætlaður til umbúða. Efst á honum er ferstrend umgerð, en þar fyrir neðan eru orðin: LUX TOILET SOAP, svo og blómatáknmyndir. Orðið Lux stendur einnig út af fyrir sig á fjórum stöðum á miðanum. 183

Merkið er skrásett í London 22. febrúar 1937, 48. flokki, fyrir ilmandi handsápu.

**Skrás. 1938, nr. 22.**

Tilkynnt 7. okt. 1938, kl. 12 á h., af Þórði Sveinssyni & Co., h.f., kaupsýsla, Reykjavík, og skrásett 17. s. m.




Ferhyrningur myndaður af skástrikum, sem skera hvert annað, bogskorinn inn á hornum og hliðum. Mynd af uglu í skrautumgerð er í miðjum ferhyrningnum, en undir skrautumgerðinni um uglumyndina standa á aflöngum fleti orðin: PLAYING CARDS.

Merkið er skrásett fyrir spil af öllum tegundum og gerðum.

**Skrás. 1938, nr. 23.**

Tilkynnt 7. okt. 1938, kl. 3 e. h., af Kristjáni A. Kristjánssyni, verzlun, Súgandafirði, og skrásett 17. s. m.




Orðið Súgandi milli tveggja hringlagaðra mynda. Á myndinni vinstra megin er flattur fiskur á slá, en hægri myndin sýnir dufl með oddveifu í öldugangi.

Merkið er skrásett fyrir allskonar fisk og fiskafurðir.

**Skrás. 1938, nr. 24.**

Tilkynnt 15. okt. 1938, kl. 12 á hád., af Vilborgu Ámundadóttur, snyrtivörugerð, Reykjavík, og skrásett 17. s. m.

Orðið:

aristo

Merkið er skrásett fyrir allskonar snyrti- og hreinlætisvörur.

183 **Skrás. 1938, nr. 25.**

Tilkynnt 11. nóv. 1938, kl. 3 e. h., af Carl D. Tulinius & Co., h.f., tryggingarfélag, Reykjavík, og skrásett 15. s. m.



Mynd af innsigli á tveim tvíþættum þráðum og stendur á því orðið: Carlos með skrifletri.

**Skrás. 1938, nr. 26.**

Tilkynnt 12. nóv. 1938, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. s. m.

Orðið:

Merkið er skrásett fyrir tryggingarklukkur, olíur, benzín, kerti, parafín, reiðhjól, blek, prjónavörur allskonar, burstavörur allskonar, sápur og aðrar hreinlætisvörur, leikföng, byggingarefni, kornvörur, allskonar, garn, tvinna, kaðal, smjörlíki, tólg, þurmjólk, sterkju, kex, kökur, kaffibæti, te, marcipan, kryddvörur allskonar, kemiskar vörur allskonar, súkkulaði allskonar, konfekt, brjóstsykur, lakkrís og aðrar sælgætisvörur, tóbaksvörur allskonar, bökunarvörur, snyrtivörur allskonar, sykur, hunang, syrup, ávaxtamauk allskonar, gosdrykki, öl og aðrar drykkjarvörur, lyfjavörur allskonar, bréfspjöld, myndir og pappír.

**Skrás. 1938, nr. 27.**

Tilkynnt 22. nóv. 1938, kl. 11 f. h., af Vacuum Oil Company A/S, verzlun, Kaupmannahöfn, og skrásett 3. desember s. á.

Orðið:

SOVAC

Samkvæmt tilkynningu 5. marz 1937, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 13. marz 1937 fyrir: Allar tegundir olíu, feiti og vax og lík efni, sem notuð eru til smurnings, lýsingar og hitunar og eldsneytis, svo og einnig fyrir gasolín og lík efni, sem notuð eru til vélknúningar.

**Skrás. 1938, nr. 28.**

Tilkynnt 22. nóv. 1938, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 3. desember s. á.

Orðið:

FREESONE

Samkvæmt tilkynningu 10. september 1938, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 15. október 1938 fyrir: Kælisvökva.

**Skrás. 1938, nr. 29.** 183

Tilkynnt 26. nóvember 1938, kl. 11 f. h., af Sören Sörenson, Mánagötu 9, Reykjavík, og skrásett 27. desember s. á.

Orðið:

# Trichosan-S

Merkið er skrásett fyrir hárvatn og ber að skoða það sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir þessa vörutegund.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

**Skrás. 1918, nr. 2.**

Thomas Beas & Sons, Limited, London, Englandi, frá 1. júní.

**Skrás. 1918, nr. 3.**

The American Tobacco Co., New York, N.-Am., frá 4. júní.

**Skrás. 1928, nr. 1.**

H.f. Kveldúlfur, Reykjavík, frá 27. janúar.

**Skrás. 1928, nr. 2.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 3.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 4.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 7.**

O. Mustad & Sön, Oslo, Noregi, frá 17. marz.

**Skrás. 1928, nr. 10.**

Lambert Pharmacol Company, Wilmington í Delaware, N.-Am. frá 29. maí.

**Skrás. 1928, nr. 11.**

British Petroleum Company, Limited, London E. C. 2, Englandi, frá 12. júní.

**Skrás. 1928, nr. 14.**

I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, Frankfurt am Main, Þýzkalandi, frá 17. ágúst.

**Skrás. 1928, nr. 15.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 16.**

Sinalco Aktiengesellschaft, Detruold, Þýzkalandi, frá 17. ágúst.

183 **Skrás. 1928, nr. 17.**
Vibe-Hastrups kemiske Fabrikker ved Betty Vibe-Hastrup, Kaupmannahöfn, frá 4. september.

**Skrás. 1928, nr. 18.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 19.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 20.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1928, nr. 21.**
Kaffee-Handels-Aktiengesellschaft, Bremen, Þýzkalandi, frá 19. október.

**Skrás. 1928, nr. 23.**
Vibe-Hastrups kemiske Fabrikker ved Betty Vibe-Hastrup, Kaupmannahöfn, frá 26. október.

Ennfremur hafa verið **afmáð** úr vörumerkjaskránni samkvæmt 10. og 12. gr. sömu laga:

**Skrás. 1908, nr. 1.**
Det Danske-Petroleum-Aktieselskab, Kaupmannahöfn, frá 14. desember.

**Skrás. 1908, nr. 2.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1918, nr. 1.**
A./S. Tagpapfabriken Dortheasminde, forhen Jul. Zacharias & Co., Filial af A./S. Jens Villadsens Fabriker, Horsens, Danmörku, frá 12. febrúar.

**Skrás. 1928, nr. 5.**
Fisadeo Limited, London, Englandi, frá 7. febrúar.

**Skrás. 1928, nr. 6.**
American Hair Felt Co., Chicago, Illinois, N.-Am., frá 25. febrúar.

**Skrás. 1928, nr. 8.**
Aage Weihe, P. Christiansen Eftf., Kaupmannahöfn, frá 22. marz.

**Skrás. 1928, nr. 9.**
Henning Orla Bruhn, Kaupmannahöfn, Danmörku, frá 15. maí.

**Skrás. 1928, nr. 13.**
Graham-Paige Motors Corporation, Detroit, Michigan, N.-Am., frá 4. júlí.

**Skrás. 1928, nr. 22.**
O. Ellingsen, Reykjavík, frá 19. október.

**Skrás. 1928, nr. 24.**
Moutgomerie & Company Limited, Glasgow, Englandi, frá 30. október.

**Skrás. 1928, nr. 25.** 183

Pilkington Brothers Limited, Liverpool, Englandi, frá 24. nóvember.

**Skrás. 1928, nr. 26.**

Standard Oil Company of New York, Wilmington, Delaware, N.-Am., frá 28. nóvember.

**Skrás. 1936, nr. 35.**

H.f. Máninn, Reykjavík, frá 5. desember. Skrásetningin hefir verið afmáð fyrir allskonar sápur, allskonar þvottaduft og ræstiduft, en gildir að öðru leyti.

Skrifstofa vörumerkjaskrárítarans í Reykjavík,

31. desember 1938.

## EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

31. desember 1937 var Karl læknir Guðmundsson allramildilegast skipaður héraðslæknir í Dalahéraði frá 1. janúar 1939 að telja.

3. janúar var Jóhanni lækni Þorkelssyni allramildilegast veitt héraðslæknisembættið í Akureyrarhéraði frá 1. s. m. að telja.

Frá 15. janúar hefir Jón Guðmundsson aðalendurskoðandi verið settur skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

22. janúar hefir yfirfasteignamatsnefnd verið skipuð þannig frá 1. janúar þ. á. að telja: Bjarni Ásgeirsson alþm., Reykjum, formaður nefndarinnar, Páll Zóphóníasson alþm., Reykjavík, og Hannes Pálsson bóndi, Undirfelli í Vatnsdal.

17. febrúar var héraðslæknirinn á Hesteyri, Sæbjörn Magnússon, allramildilegast skipaður héraðslæknir í Ólafsvíkurhéraði frá 1. júní n. k. að telja.

17. marz var settur sóknarprestur í Skeggjastaðaprestakalli, séra Hólmgrímur Jósefsson, skipaður sóknarprestur í nefndu prestakalli.

18. marz var settur skólastjóri, Oddur A. Sigurjónsson, skipaður skólastjóri við gagnfræðaskólann í Neskaupstað frá 1. s. m. að telja.

S. d. voru eftirtaldir menn skipaðir formenn fyrir sjúkrasamlög: Jón Baldursson bókari, fyrir sjúkrasamlag Neskaupstaðar, Emil Jónasson símritari, fyrir sjúkrasamlag Seyðisfjarðar, Sigtryggur Þorsteinsson, fyrir sjúkrasamlag Akureyrar, Ólafur Þ. Kristjánsson kennari, fyrir sjúkrasamlag Hafnarfjarðar, Guðmundur Kristjánsson, fyrir sjúkrasamlag Ísafjarðar, Sveinbjörn Högnason alþm., fyrir sjúkrasamlag Fljótshlíðar.

S. d. var Erlendur Vilhjálmsson skipaður fulltrúi í Tryggingarstofnun ríkisins frá 1. s. m. að telja.

S. d. var Björn Jónatansson skipaður húsvörður við Rannsóknarstofnun Háskólans frá 1. apríl þ. á. að telja.